

Nd.

887. Frumvarp til laga

[325. mál]

um loðdýrarækt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 805 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Þeir sem óska að stofnsetja loðdýrabú, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og reynslu þeirra, sem eiga að sjá um hirðingu og meðferð dýranna á viðkomandi bú. Umsókn-um skulu einnig fylgja ítarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Ennfremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, skipulagsnefndar og heilbrigðisnefndar.

Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Hvert leyfi má binda ákveðnum stærðarmörkum. Loðdýrarækt má þó ekki hefjast á búinu fyrr en trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur gert úttekt á byggingum, vörslu og allri aðstöðu til staðfestingar því, að gerð búsins fullnægi ákvæðum laga og reglugerða.

Óski loðdýrabóndi að stækka bú sitt umfram það, sem tilgreint er í upphaflegu leyfi, skal hann sækja um það til landbúnaðarráðuneytisins.

Breytingar á húsum og stækkun þeirra skal taka út með sama hætti og nýbyggingar.

7. gr. hljóðar svo:

Loðdýrabú skal minnst hafa tvöfalda vörn, svo dýr, sem þar eru, sleppi ekki úr vörslu.

Inngangur í loðdýrabú skal vera nægilega rúmur, með tveimur hurðum, og þannig um búíð, að ytri og innri hurð sé ekki hægt að hafa opnar samtímis.

Flutningur lífdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki.

Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.